

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Eyrarflöt 13 – deiliskipulagsbreyting.

Á fundi bæjarstjórnar 25. ágúst 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis vegna lóðarinnar að Eyrarflöt 13. Breytingin felst í því að skilgreindur verði byggingarreitur á lóðinni þar sem fyrirhugaðar svalir og breytingar á útistiga falla innan hans. Jafnframt verður skilgreint svæði fyrir skjólvegg, smáhýsi og saunaklefa.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Suðurgata 68 – umsókn til skipulagsfulltrúa.

Á fundi bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar 13. ágúst 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna lóðarinnar Suðurgötu 68. Breytingin felur í sér að skilgreindur verði nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu á lóðinni, á svæði þar sem áður var bílgeymsla. Jafnframt er gert ráð fyrir stækkun svala á efri hæð hússins þannig að þær nái yfir þak bílgeymslunnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Bárugata 15 – umsókn til skipulagsfulltrúa.

Á fundi bæjarstjórnar 10. júní 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Bárugata nr. 15. Breytingin felst í því að heimiluð bygging er lækkuð úr fjórum hæðum í tvær hæðir og heimiluðum íbúðum fækkað úr átta í fimm.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagabraut 7 – umsókn til skipulagsfulltrúa.

Á fundi bæjarstjórnar 10. júní 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Skagabraut 7. Í breytingunni felst að heimila þrjá kvisti á þaki hússins ásamt auknu byggingarmagni.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skógarhverfi 3C – Skógarlundur 36, 38 og 40.

Á fundi bæjarstjórnar 16. apríl 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis vegna Skógarlundar 36, 38 og 40. Breytingin felst í að lóð nr. 36 við Skógarlund breytist úr einbýlishúsi í raðhús á einni hæð með þremur íbúðum. Þá er lóðum nr. 38 og 40 breytt þannig að þær skiptast í þrjár lóðir, nr. 38, 40 og 40a, og verður heimilt að byggja fjórar íbúðir á hverri lóð. Með breytingunni fjölgar íbúðum úr 10 í 15. Nýtingarhlutfall lækkar úr 0,50 í 0,45. Breytingin felur í sér þéttingu byggðar innan íbúðarsvæðis án breytinga á megin landnotkun.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Suðurgata 108, 110 og 112 – umsókn til skipulagsfulltrúa.

Á fundi bæjarstjórnar 27. janúar 2026 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Sementsreits vegna Suðurgötu 108, 110 og 112. Hámarkshæð bygginga á umræddum lóðum hækkar úr 6,5 m í 7,2 m. Byggingarmagn á Suðurgötu 110 hækkar úr 230 m² í 245 m² og nýtingarhlutfall hækkar um 0,03, úr 0,49 í 0,52. Bílastæðum verður fjölgað og verða tvö stæði á hverri lóð. Á Suðurgötu 112 færast byggingarreitur til innan lóðar. Heimilt verður að láta útistiga ganga allt að 1,3 m út fyrir byggingarreit innan lóðar.

Á lóðamörkum Suðurgötu 112, er liggja að leiksvæði C3 sem skilgreint er á uppdrætti, verði heimilt að reisa vegg eða grindverk, hæð allt að 1,5 m. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 26. ágúst 2026.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B deild - Útgáfudagur: 26. ágúst 2026